

# ÚRSKURÐUR

nefndar skv. 93. gr. laga nr. 5/1998  
um kosningar til sveitarstjórna

Með bréfi móttæknu þann 4. júní 2018 skipaði sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu nefnd með vísan til 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna til þess að úrskurða um kæru frá umboðsmönnum Pírata vegna sveitarstjórna kosninga í Reykjavík, sem fram fóru laugardaginn 26. maí 2018.

Í nefndina voru skipuð lögmenntirnir Hulda Rós Rúriksdóttir, Kristján B. Thorlacius og Lára V. Júlíusdóttir.

Hinn 6. júní 2018 var kæran ásamt fylgiskjölum send yfirkjörstjórn Reykjavíkur til umsagnar, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998. Umsögn kjörstjórnar barst nefndinni 12. júní 2018.

## Kæruefnið:

Í bréfi kæranda kemur fram að umboðsmenn Pírata hafi sinnt eftirliti á kjörstöðum við sveitarstjórna kosningar 2018. Þó að sumt hafi „skánað“ frá því Píratar lögðu fram kæru eftir Alþingiskosningar 2013 sé samt verið að halda fjórðu kosningarnar síðan þá með sömu úreltu kosningalögunum. Nefnd hafi verið sett saman árið 2014 til yfirferðar kosningalaga og hafi niðurstöður hennar, sem birtar voru árið 2016 enn ekki skilað sér í lög. Umboðsmenn Pírata telji sig því ekki geta ábyrgst öryggi kosninga og telji því rétt að leggja fram kæru í von um að ábyrgð verði tekin af viðeigandi aðilum.

## Atvikalýsing kæranda:

Í kæru er því lýst hvaða athugasemdir kærundur geri um framkvæmd kosninganna í Reykjavík þann 26. maí 2018.

### 1. Úthlutun listabókstafa til framboðslista vegna kosninganna.

Kærundur benda á að í síðustu borgarstjórna kosningum árið 2014 hafi Píratar fengið listabókstafinn P. Flokkurinn hafi einnig haft sama listabókstaf þegar hann bauð fyrst fram til Alþingis. Eftir að hafa fengið úthlutað listabókstafnum P hafi komið upp þó nokkur dæmi í tveimur síðustu alþingiskosningum þar sem utankjörfundaratkvæði voru ýmist merkt bókstafnum P, sem leiddi til þess að atkvæði gæti verið ætlað Pírötum af hálfu kjósenda, en væri þó ógilt, eða þar sem upp kom vafamál með hvort að tiltekið atkvæði væri merkt P, og því ógilt atkvæði, eða P og þar með gilt atkvæði, sökum þess að umræddir bókstafir voru mjög útlitslega líkir og erfitt að aðgreina handskrifað P frá handskrifuðu P. Í borgarstjórna kosningunum nú í vor hafi framboði Frelsisflokksins verið úthlutað listabókstafnum P. Hætta hafi verið á að þetta gæti valdið ruglingi meðal kjósenda og leitt til þess að fjölmörg atkvæði greidd utan kjörfundar yrðu vafaatkvæði

sem gætu haft þau áhrif að tefja talningu atkvæða. Einnig hafi verið hætt á að atkvæði ætluð þ eða þ yrðu talin rangt sökum smávægilegra galla á ritun umræddra bókstafa. Að lokum er bent á að þar sem tiltölulega skammt sé síðan Píratar hafi haft listabókstafinn þ sé ekki loku fyrir það skotið að einhverjir kjósendur myndu merkja kjörseðil sinn með þ þar sem þeir stæðu í þeirri trú að það væri enn listabókstafur Pírata.

## 2. Athugasemdir vegna starfa umboðsmanna Pírata.

Í bréfi kæranda er bent á að þrátt fyrir athugasemdir ÖSE við Alþingiskosningar hafi utankjörfundarstaðir verið opnaðir áður en flokkar höfðu skilað inn listum og fengið úthlutað listabókstaf. Þá hafi umboðsmenn Pírata verið ósáttir við að hafa verið vísað í Ráðhús Reykjavíkur kl. 07.00 að morgni til að sækja auðkenni umboðsmanns en að vera svo aftur krafðir um umboðsmannabréf á kjörstað samkvæmt leiðbeiningum yfirkjörstjórnar. Svo virðist sem að tilgangur hafi einungis verið að gera starf umboðsmanna erfitt. Þá hafi umboðsmaður kæranda ekki verið sáttur við að hafa verið gefinn 20 mínútna frestur frá tengilið yfirkjörstjórnar til að mæta í skipti á atkvæðakössum. Símtal hafi komið kl. 16.03 en upphaflega hafi skipti kassa átt að fara fram á milli kl. 17.00 og 17.30 samkvæmt dagskrá sem kynnt hafi verið umboðsmönnum. Réttur umboðsmanna til að vera viðstaddir þessa athöfn sé skýr í kosningalögum.

## 3. Athugasemdir vegna kjörkassa.

Gerð er athugasemd vegna kjörkassa í bréfi kæranda. Yfirkjörstjórn hafi enn verið að ræða við umboðsmenn á talningarstað í Laugardalshöll og kynna þeim reglur og aðstöðu þegar byrjað hafi verið að útdeila kössum til að opna og hefja flokkun. Þegar umboðsmaður kæranda hafi spurt hvað væri í gangi hafi framkvæmd verið stöðvuð og umboðsmenn fengið að fara inn á svæði. Aðstæður hafi verið mjög íþyngjandi fyrir umboðsmenn þar sem þeir áttu að gera vinnu sína á milli starfsfólks sem hafi „fussað“ yfir afskiptasemi. Búið hafi verið að opna sum innsigli. Umboðsmaður hafi beðið um, áður en farið var inn í sal, sem og í kynningu sem haldin var fyrir umboðsmenn daginn áður, að fá að kanna og skrá niður númer allra innsigla, sem augljóslega hafi ekki verið hægt við þessar aðstæður.

Númer kassa og fjöldi atkvæða hafi verið ritað með blýanti á límmiða á kassa. Augljóst sé að þessar upplýsingar þurfi að rita með þeim hætti að ekki sé hægt að eiga við þær.

Að venju hafi verið margir kjörkassar þannig að þeir hafi verið skrúfaðir saman á hliðum og auðvelt að opna þá með venjulegu skrúfjárn.

Einn kassi hafi brotnað við opnum í talningu. Ekki hafi þurft mikið átak á kassann sem sé dæmi um hvað kjörkassar séu úr sér gengnir.

Undirskriftir hafi vantað á öll innsigli á átta kjörkössum frá Vættaskóla-Borgum.

Kærandi leggur til að framtíðar fyrirkomulag verði með þeim hætti að innsigla og læsa öllum kössum sem til standi að nota yfir daginn í upphafi kjörfundar eða að slíkt verði skýrt tekið fram í lögum.

4. *Athugasemdir vegna kjörseðla.*

Kærendur benda á að eftir talningu hafi umboðsmaður kæranda beðið um að fá að innsigla ílát sem atkvæðaseðlar voru geymdir í. Í ljós hafi komið að atkvæðaseðlum sé ekki komið fyrir í ílátum sem hægt sé að innsigla, þrátt fyrir að í 83. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna segi: „Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og varðveita þá“.

5. *Athugasemdir vegna kjördeilda.*

Í 3. kjördeild í Breiðagerðisskóla hafi verið opinn gluggi bakvið kjörklefa sem haldið var opnum með kassa sem starfsfólk hafi komið fyrir.


Starfsmaður hverfiskjörstjórnar í Árbæ sem vann fram í dyrum hafi talað þannig að gangandi heyrði um „pólsku konurnar“ sem umræddur starfsmaður hafi viljað meina að ættu ekki að hafa kosningarétt vegna meininga um að „þær vissu ekkert hvað þær væru að kjósa“.

**Umsögn kjörstjórnar:**

Í umsögn yfirkjörstjórnar, sem barst nefndinni þann 12. júní sl., er vakin sérstök athygli á því að ekki sé ljóst af kærinni hvers sé krafist. Bent er á að það leiði af 94. gr. laga nr. 5/1998 að almennt verði að gera ráð fyrir að þeim sem kæri sveitarstjórnarkosningu beri að setja fram kröfu um ógildingu kosningarinnar og þann grundvöll og sjónarmið sem að baki kröfunni liggja og þar á meðal með hvaða hætti annmarkinn kunni að hafa haft áhrif á úrslit kosninganna. Vafi leiki á því hvort með kærinni sé leitað eftir því að kjörnefndin láti í té almenna álitserð á tilteknum þáttum við framkvæmd kosninganna, ákvæðum laga sem um kosninguna gilda eða hvort þess sé krafist að kosningin verði ógilt en í því fælist um leið að kjör þeirra borgarfulltrúa sem undir kærana rita yrði ógilt. Með vísan til þess telur yfirkjörstjórn að kjörnefnd væri rétt á grundvelli meginreglna stjórnsýsluréttar að fá úr því skorið með því að inna kæranda svara við því hvort með kærinni sé sett fram krafa um ógildingu borgarstjórnarkosninganna. Í kjölfarið tæki nefndin afstöðu til þess hvort kæra án slíkrar kröfugerðar sé tæk til efnismeðferðar.

1. *Um athugasemdir kæranda vegna úthlutunar listabókstafa til framboðslista.*

Bent er á að hvergi sé á um það kveðið í kosningalöggjöfinni að yfirkjörstjórn beri að líta til innbyrðis ruglingshættu á stöfum íslenska stafrófsins. Slík skylda finnst hvorki í ákvæðum laga nr. 5/1998 né lögum nr. 24/2000. Þá telji yfirkjörstjórn ekki meiri ruglingshættu á milli bókstafanna P og Þ en annarra bókstafa eins og t.d. bókstafanna R, P og Þ, Y og V og E og F en listar hafi verið boðnir fram með öllum þeim listabókstöfum við borgarstjórnarkosningarnar. Þá er þess getið að flokkur Pírata hafi fengið alls 4.556 atkvæði en Frelsisflokkurinn 147 atkvæði. Yfirkjörstjórn hafi gengið úr skugga um að það hefði ekki breytt úrslitum kosninganna eða fjölda borgarfulltrúa framboðsins þótt Píratar



hefðu fengið öll atkvæði greidd Frelsisflokknum. Sé því ljóst að teljist um að ræða annmarka á kosningunum sé yfir allan vafa hafið að hann hefði ekki haft nein áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 94. gr. laga nr. 5/1998.

2. *Um athugasemdir kæranda vegna starfa umboðsmanna Pírata.*

Yfirkjörstjórn bendir á að hún hafi sett skriflegar fundarreglur nr. 1/2018 þann 27. apríl 2018 á grundvelli heimildar í 23. gr. laga nr. 5/1998. Umboðsmönnum hafi verið afhent eintak fundarreglnanna, auk þess sem þær hafi verið birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Til að tryggja örugga og skilvirka upplýsingagjöf til umboðsmanna fengu tveir starfsmenn yfirkjörstjórnar það hlutverk að vera tengiliðir við umboðsmenn. Þeir hafi séð um samskipti og kynningu fyrir umboðsmenn á réttindum þeirra og skyldum og hlutverki fyrir kjördag ásamt því að vera umboðsmönnum til ráðgjafar um öll þau atriði sem varða framkvæmd kosninganna eða ákvæði þeirra laga sem á reyni.

Yfirkjörstjórn bendir á að í 8. og 9. gr. framangreindra fundarreglna sé fjallað um umboðsmenn og séu þær reglur til samræmis við þá meginreglu sem kemur fram í 49. gr. laga nr. 5/1998 að enginn megi vera í kjörfundarstofu meðan greidd séu atkvæði nema kjörstjórn og umboðsmenn lista. Í ljósi þess að umboðsmenn hafi rétt til þess að vera viðstaddir kosninguna, flokkun og talningu og gera athugasemdir við framkvæmd verði að vera ljóst að þeir sem komi á kjörstaði til eftirlits hafi til þess gilt umboð. Þá er bent á að auk hinnar augljósu lagaskyldu samkvæmt 49. gr. laganna sé það sérstaklega brýnt að umboðsmenn geti sýnt fram á umboð sitt þar sem þeir geta framselt umboð sitt eins oft og til jafnargra aðila sem þeir telja þörf á. Teljist slíkir aðilar þá jafnframt til umboðsmanna framboðsins og njóti réttinda sem slíkir. Til þess að einfalda kjörstjórnnum að átta sig á heimildum viðkomandi umboðsmanna sé jafnframt gert ráð fyrir að umboðsmenn séu merktir sérstökum merkjum umboðsmanna sem yfirkjörstjórn úthlutar við upphaf kjördags.

3. *Um athugasemdir kæranda vegna kjörkassa.*

Yfirkjörstjórn kveður að áætlað hafi verið að skipti á atkvæðakössum færu fram á kjörstöðum á bilinu 17-17:30. Umboðsmenn hafi fengið í hendur fyrir kjördag áætlaðar tímasetningar á einstökum þáttum við framkvæmd á kosningu, flokkun og talningu. Tímasetningar þessar séu hinsvegar alltaf áætlaðar og settar fram með öllum fyrirvörum.

Á kjördag hafi verið ákveðið, sökum fordæmalausrar stærðar á kjörseðli, að flýta skiptum á atkvæðakössum um hálfu klukkustund, eftir að borist höfðu athugasemdir frá kjörstöðum um að atkvæðakassar væru óðum að fyllast. Umboðsmönnum hafi jafnframt verið tilkynnt símleiðis um þessa breytingu. Að mati yfirkjörstjórnar getur þetta atriði engan veginn talist annmarki á framkvæmd kosninganna. Þar að auki séu þeir hagsmunir að kosning gangi eðlilega fyrir sig ríkari en að umboðsmenn þurfi að aðlaga eftirlit sitt að minniháttar breytingum á áætlunum.

Vegna athugasemdar um flokkun á talningarstað tekur yfirkjörstjórn fram að í samræmi við ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 5/1998 hafi verið auglýst að til staði að opna

atkvæðakassa og telja atkvæði í Laugardalshöll. Yfirkjörstjórn hafi nýtt heimild 4. mgr. 77. gr. laganna og byrjað flokkun atkvæða og undirbúning talningar þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lauk. Umboðsmenn framboða hafi verið viðstaddir, þ.m.t. umboðsmaður kæranda. Gætt hafi verið að 1. mgr. 77. gr. laga nr. 5/1998 þegar atkvæðakassar voru opnaðir. Engar athugasemdir hafi verið bókaðar af hálfu umboðsmanna og því er hafnað að starfsfólk kjörstjórnar hafi „fussað yfir afskiptasemi“. Yfirkjörstjórn kannast ekki við að umboðsmaður Pírata hafi beðið um að fá að skrá niður númer allra innsigla áður en atkvæðakassar voru opnaðir við flokkun og ekkert er bókað um slíkar óskir í gerðabók yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn kveðst ekki hafa heimilað umboðsmönnum að setja innsigli sín á kjörkassa meðan á kosningu stóð. Sú fullyrðing í kæru að umboðsmönnum hafi verið heimilað að innsigla atkvæðakassa við upphaf kjörfundar við Alþingiskosningar 2017 sé röng.

Yfirkjörstjórn bendir á að samkvæmt 53. gr. laga nr. 5/1998 eigi umboðsmenn rétt á því að kanna ásamt kjörstjórn hvort atkvæðakassi sé tómur og læsa honum áður en kosning hefst. Hins vegar sé ekki að finna heimild í ákvæðum laga nr. 5/1998 um að umboðsmenn megi innsigla atkvæðakassa sem notaðir eru á kjörfundi enda séu þeir í vörslu undirkjörstjórnar allan tímann í kjördeildinni frá því að þeir eru teknir í notkun og þess tíma þegar þeir eru fluttir á talningarstað. Þessi framkvæmd í Reykjavík sé að öllu leyti í samræmi við ákvæði 53. gr. laganna.

Yfirkjörstjórn tekur hins vegar fram að allir atkvæðakassar í Reykjavík séu innsiglaðir með þremur innsiglium kjörstjórnar áður en þeir séu teknir í notkun. Áður en atkvæðakassar séu fluttir séu þeir innsiglaðir með fjórða innsiglinu sem sett sé yfir rauf kassans.

Umboðsmönnum framboða hafi jafnframt verið heimilað sérstaklega, til samræmis við óskir umboðsmanna Pírata við síðastliðnar Alþingiskosningar sem yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurdæmum norður og suður hafa orðið við, að setja innsigli sitt á atkvæðakassa áður en hann var fluttur út úr kjördeildinni. Í fundarreglum nr. 1/2018 sem nefndar eru að framan sé sérstaklega kveðið á um þetta í ákvæði 10. gr. Hvað það atriði varði sem nefnt er í kæru um að undirritun hafi vantað á innsigli á átta atkvæðakassa frá einum kjörstað, fæst ekki séð að það eitt og sér valdi því að innsiglið þjóni ekki sínum lögmæta tilgangi.

Þau innsigli sem voru notuð hafi verið við kosningarnar séu sömu gerðar og þau sem notuð eru við aðrar kosningar hér á landi og dómsmálaráðuneytið hefur útvegað sveitarstjórnnum. Á þeim er að finna línu þar sem unnt er að skrifa nafn viðkomandi kjörstjóra. Hvert slíkt innsigli hafi hins vegar sérstakt númer og með því fylgi minni límmiði með sama númeri innsiglis sem er límdur inn í gerðabók hverfiskjörstjórnar. Þannig sé skjalfest hvaða innsigli snúmer er notað á hvaða atkvæðakassa sem kemur af hverjum kjörstað fyrir sig. Með vísan til þessa sé það ekki annmarki á framkvæmdinni

Þótt innsiglin frá kjörstaðnum hafi ekki jafnframt verið undirrituð enda ljóst hvaðan öll innsiglin koma.

Í kærinni séu gerðar athugasemdir við gerð atkvæðakassa og að auðvelt væri að opna þá með skrufjárnri, að upplýsingar um númer og fjölda atkvæða í hverjum kassa þegar hann var afhentur á talningarstað hafi verið ritað með blýanti, að kassi hafi brotnað við opnun í talningu og að ekki hefði þurft mikið átak á kassann og að síðustu að í 3. kjördeild Breiðagerðisskóla hafi verið opinn gluggi bakvið kjörklefa sem haldið var opnum með kassa sem starfsfólk hafði komið fyrir.

Hvað fyrsta atriðið varðar bendir yfirkjörstjórn á að allir þeir atkvæðakassar sem notaðir eru í Reykjavík uppfylli þær kröfur sem gerðar séu til slíkra kassa skv. 41. gr. laga nr. 5/1998.

Vegna athugasemdar um að númer atkvæðakassa og að fjöldi atkvæða í hverjum kassa séu rituð með blýanti, sem auðvelt sé að breyta, telur yfirkjörstjórn að líklega sé um einhvern misskilning að ræða. Enginn atkvæðakassi er merktur með blýanti. Allir atkvæðakassar við kosningar í Reykjavík eru merktir með forprentuðu nafni kjörstaðar og númeri kjördeildar eins og sjá megi á þeim myndum sem fylgja kærinni. Hvað varðar áritun kjörstjórna með blýanti um fjölda atkvæða tekur yfirkjörstjórn fram að áritun undirkjörstjórnar um fjölda atkvæða í hverjum atkvæðakassa sé liður í uppgjöri kosninganna og gerð fyrir afstemmingu atkvæða.

Sú fullyrðing sem kemur fram í kæru að atkvæðakassi hafi brotnað við talningu sé röng. Við talningu brotnaði lykill að atkvæðakassa í skrá atkvæðakassans þannig að ákvörðun var tekin um að þvinga upp lok kassans. Við það þurfti tvö sporjárn og þurfti að beita talsverðu átaki til þess að læsing atkvæðakassans gæfi sig.

#### 4. *Um athugasemdir kæranda vegna kjörseðla.*

Vegna athugasemdar í kæru um innsiglan notaðra kjörseðla og ílát sem þau eru geymd í er bent á að ekki sé að finna heimild að lögum fyrir umboðsmenn til þess að setja notuð atkvæði undir innsigli. Fari um meðferð þeirra að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 83. gr. laga nr. 5/1998 þegar þau hafi verið flutt af talningarstað og þar til þeim sé eytt ásamt kjörskrá ein og boðið er í framangreindu ákvæði laga nr. 5/1998.

#### 5. *Um athugasemdir kæranda vegna kjördeilda.*

Vegna opins glugga í kjördeild fær yfirkjörstjórn ekki séð hvernig þetta atriði sé anmarki á framkvæmd kosninganna.

Vegna athugasemda kæranda vegna ummæla sem starfsmaður á tilteknum kjörstað í Reykjavík á að hafa látið falla og fól í sér gildisdóm um kosningarétt tiltekinna erlendra kjósenda hefur yfirkjörstjórn leitað upplýsinga frá hverfiskjörstjórn sem kannast ekki við að neitt af starfsfólki hafi látið slík ummæli falla. Engar bókanir finnast um þetta atriði í gerðarbók hverfiskjörstjórnar, hvorki frá umboðsmönnum né kjörstjórn sjálfri.

Þau ummæli sem lýst er í kæru séu óviðurkvæmileg og í ósamræmi við þau fyrirmæli sem starfsfólk fær um hvernig það eigi að haga starfa sínum. Hins vegar geta þau ekki varðað ógildinguna kosninganna.

Yfirkjörstjórn getur þess í umsögn sinni að eftirfarandi bókun sé sú eina frá kærendum í fundargerð yfirkjörstjórnar, sem gerð hafi verið aðfaranótt 27. maí sl.: „Breiðagerðisskóli, kjördeild 3. Grundargerði. Þrjú kjörklefar og opinn gluggi og kassi sem heldur opnu. Hægt væri að rétta hluti inn. Kjósandi þurfti að hverfa í kjördeild 3 í Vættaskóla-Borgum í Grafarvogi, sökum þess að kjörkassi var fullur vegna stærð atkvæðaseðils og gat kjörstjórn ekki svarað hve biðin væri löng að koma atkvæði í kassa. Þetta var kl. 17:20. Píratar gera athugasemdir við alla seinni kassa sem koma frá Vættaskóla Borgum að vantar undirskrift á öll innsigli.“

#### Niðurstaða:

Í kæru er ekki gerð krafa um ógildi kosninga. Engin krafa er sett fram í erindi kærenda en hinsvegar settar fram ýmsar athugasemdir vegna atriða sem snúa að framkvæmd kosninganna í Reykjavík þann 26. maí s.l.

Í 1. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 segir að sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skuli afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að viðkomandi sýslumaður skuli skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra.

Eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 458/2002 setur orðalag 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um “kæruefnið” því nokkrar skorður, hvernig kosningakæur verði úr garði gerðar. Hinsvegar verði sá skilningur þó ekki í það lagður að úrskurðaraðili sé með öllu bundinn við orðalag kæru og hafi ekki svigrúm til að leggja sjálfstætt mat á kjörgögn og framvindu kosninga í samræmi við eftirlitshlutverk sitt og almennar stjórnsýslureglur í því skyni að kanna hvort galli sé á kosningu svo að ógildingunni geti varðað sbr. 94. gr. laganna. Ekkert í lögskýringargögnum bendir til þess að slíkt hafi verið ætluð löggjafans. Þá er til þess að líta að meðferð á kosningakærum er opinbers réttar eðlis, þar sem brýnir almannahagsmunir eru í húfi og lýtur hún ekki að öllu leyti málsforræðisreglum einkamálaréttarfars.

Í ljósi framangreinds lítur kjörnefndin svo á að rétt sé að fjalla um þau atriði sem kærendur nefna í sínu erindi til að sinnt sé því eftirlitshlutverki nefndarinnar að meta hvort sá annmarki kann að hafa verið á framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík þann 26. maí s.l. að varðað geti ógildi kosninganna.

Athugasemdir kærenda snúa að framangreindum 5 atriðum og mun fjallað um hvert þeirra fyrir sig hér á eftir:

1. Úthlutun listabókstafa til framboðslista vegna kosninganna.



Kærendur telja í kærnu sinni að hætta sé á að úthlutun á listabókstafnum Þ til Frelsisflokksins gæti valdið ruglingi meðal kjósenda og leitt til þess að utankjörfundar atkvæði yrðu vafaatkvæði, hætta væri á því að atkvæði ætluð Þ eða P yrðu talin rangt sökum smávægilegra galla á ritun umræddra bókstafa osfrv.

Hvergi er kveðið á um það í íslenskri kosningalöggjöf að yfirkjörstjórn beri að líta til innbyrðis ruglingshættu á stöfum íslenska stafróssins. Slík skylda finnst hvorki í ákvæðum laga nr. 5/1998 né lögum nr. 24/2000.

Í athugasemdum kæranda er sérstaklega nefnd ruglingshætta á milli bókstafanna P og Þ og að hætta væri á ruglingi vegna smávægilegra galla í ritun umræddra bókstafa við utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Benda má á að við utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Reykjavík var notast við stimpla með bókstöfum framboðanna þannig að útilokað má telja að slíkir ritunargallar hafa haft áhrif á kosninguna. Þá kemur fram í athugasemdum yfirkjörstjórnar að mikill munur hafi verið á atkvæðafjölda Pírata og Frelsisflokksins og að útilokað hafi verið í ljósi skiptingar atkvæðamagns á milli þessara flokka að varðað geti ógildi kosninganna.

Engin málefnaleg rök eru sett fram í erindi kæranda vegna þessara athugasemda og það er mat kjörnefndar að ekki hafi verið neitt athugavert við framkvæmd og úthlutun listabókstafa af hálfu yfirkjörstjórnar. Athugasemdir kæranda geta í þessu tilviki ekki varðað ógildi kosninganna.

## 2. Athugasemdir vegna starfa umboðsmanna Pírata.

Kærendur nefna í kærnu sinni nokkur atriði sem umboðsmenn þeirra hafi talið vera annmarka á framkvæmd kosningarinnar í Reykjavík.

Ekki verður séð að nokkurt þeirra atriða sem kærendur nefna í sínu erindi um framkvæmd kosninganna að þessu leyti séu þess efnis að geti varðað ógildi kosninganna.

## 3. Athugasemdir vegna kjörkassa.

Í erindi kæranda eru settar fram nokkrar athugasemdir vegna meðferðar kjörkassa og þess hvernig þeir eru útlítandi og samansettir. Í ljósi athugasemda yfirkjörstjórnar og yfirferðar hennar yfir athugasemdir kæranda verður ekki séð að hægt sé að fallast á fullyrðingar kæranda um að kjörkassar séu ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum um frágang þeirra og ástand. Ekki verður því talið að þau atriði sem nefnd eru í erindi kæranda að þessu leyti geti varðað ógildi kosninganna.

## 4. Athugasemdir vegna kjörseðla.

Kærendur gera í erindi sínu athugasemdir við að hafa ekki fengið að innsigla atkvæðakassa við upphaf kjörfundar, innsigli hafi ekki verið undirritað í tilteknum tilfellum, eða að umboðsmaður hafi ekki fengið að innsigla ílát með notuðum kjörseðlum.

Í umsögn yfirkjörstjórnar dags 12. júní sl. er fjallað um þær reglur sem gilda um afskipti umboðsmanna af atkvæðakössum og innsiglu þeirra áður en og á meðan á kosningu



stendur. Í umsögn yfirkjörstjórnar er ennfremur gerð grein fyrir því hvernig kjörstjórn hafi staðið að innsíglun kjörkassa við kosninguna. Ekki verður annað séð en að framkvæmd þessara atriða við kosninguna hafi verið í samræmi við ákvæði laga. Því verður ekki talið að þau atriði sem nefnd eru í erindi kæranda geti varðað ógildi kosninganna.

5. *Athugasemdir vegna kjördeilda.*

Í erindi kæranda eru gerðar athugasemdir annars vegar við að opinn gluggi hafi verið bakvið kjörklefa í einni kjördeild og hins vegar að starfsmaður hverfiskjörstjórnar á öðrum stað, hafi viðhaft óviðurkvæmileg ummæli á meðan hann var að störfum á kjörstað.

Það er mat kjörnefndar að þær athugasemdir sem settar eru fram af hálfu kæranda vegna kjördeilda séu þess eðlis að geti ekki varðað ógildi sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík þann 26. maí s.l.

Með vísan til framanritaðs verður ekki talið að þær athugasemdir sem kærundur gera vegna sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík þann 26. maí s.l. leiði til ógildingar kosninganna. Í því sambandi vísast sérstaklega til ákvæðis 94. gr. laga 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Þær athugasemdir sem umboðsmenn Pírata gera vegna sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík þann 26. maí s.l. eru ekki slíkar að leiði til ógildingar kosninganna.

Reykjavík, 15. júní 2018

  
Hulda Rós Rúriksdóttir

  
Kristján B. Thorlacius

  
Lára V. Júlíusdóttir